



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. árgangur 02. tbl.

Febrúar 2012



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Varðliðar umhverfisins - 9. febrúar

Vorið 2011 fékk skólinn verðlaun fyrir ruslabækling sem nemendur í umhverfisnefnd skólans bjuggu til. Auk þess kom Sverrir Guðmundsson frá stjórnskoðunarfélagi Seltjarnarness með fræðslu til okkar í dag 9. feb. um stjórnufræði og vísindi frá umhverfisráðuneytinu og landvernd. Þau lærðu um dýrahringinn, sáu myndbönd og myndir frá geimvísindastöðinni og fengu að fara höndum um loftsteinabrot.



Frá oddvita

Ágætu sveitungar. Ég hef nú um þriggja ára skeið verið í fullu starfi sem oddviti en sú tilhögun kom nokkuð óvænt upp, en frá júní 2006 og fram að þeim tíma hafði ég verið í hlutastarfi sem oddviti.

Í flestum sveitarfélögum á þessum slóðum eru oddvitar í hlutastarfi og síðan eru starfandi sveitarstjórar í fullu starfi það gefur því auga leið að sinna þessu starfi einn er talsverð vinna eigi að komast yfir alla þá hluti sem þarf að sinna enda hef ég ósjaldan dundað mér við það á kvöldin að sinna vinnunni heima hjá mér, það hef ég ekki talið eftir mér að öðru leiti en því að ég er svo heppinn að eiga orðið tvo litla drengi sem ég hefði áhuga á að eiga einhver samskipti við áður en þeir flytja að heiman, jafnframt höfum við rekið ferðabjónustu sem ég hef sinnt þegar ég er í fríi þannig að ekki hefur gefist neinn tími til frístunda með sínum nánustu sem er ákveðinn ókostur til lengri tíma lítið.

Það lá alltaf ljóst fyrir þegar ég tók þetta starf að mér að því myndi fylgja mikil vinna en það sem hefur breyst síðan, er að fjölskyldan stækkaði og talsverð aukning virðist ætla að verða hjá okkur í ferðabjónustunni, ég hef ekki áhuga á að gegna starfi sem ég get ekki sinnt eins og þörf er á og kæri mig ekki um að fá þann stimpil að ég sitji hér eingöngu til að hirða kaupíð mitt, ég óskaði því eftir að stafshlutfall mitt yrði lækkað og ráðinn yrði framkvæmdastjóri hjá sveitarfélaginu sem sæi um daglegan rekstur þess og ákveðið hefur verið að ráða Kristófer A. Tómasson í starfið en hann gegndi áður stöðu útibússtjóra hjá Arion banka á Selfossi. Kristófer mun hefja störf hjá sveitarfélaginu þann 1. apríl n.k. Með kveðju. Gunnar Örn Marteinson, oddviti.



Næsta fréttabréf kemur út 15. mars. 2012.

Skilafrestur efnis 10. mars. 2012.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinson, oddviti

Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps
er mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

**Sími 486-6014 Fax 486-6091 Sími í Áhaldahúsi
486 6118 og 893-4426 Ari Einarsson**



Hjónaball!



Hið árlega hjónaball U.M.F. Skeið verður haldið í Brautarholti laugardaginn **17. mars.** Bjarni Birgis sér um matinn og hljómsveitin Stuðlabandið um dansinn að loknum skemmtiatriðum.



Takið daginn frá – nánar auglýst síðar
Hjónaballsnefndin



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skautuferð 31. janúar

Árlega er farið í ferð til þess að kynna fyrir nemendum vetraríþrótt. Í janúar fórum við

því í Egilshöll á skauta. Þetta var mjög skemmtileg ferð. Margir byrjuðu með grind á svellinu en einbeitingin var mikil og öryggið kom því fljótt. Sumir léku listir, aðrir fóru í þrautakóng og íshökkí. Áberandi var hvað stóru krakkarnir voru góðir og hjálpsamir við þá yngri og það er alveg frábært. Eitt er víst að allir skemmtu sér konunglega og voru skólanum sínum til mikils sóma.



Vekjum athygli á því að skólastjóri er kominn með nýtt símanúmer: **895-9660**

26. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þriðjudaginn 10.01.2012 í Árnosi kl. 14:00..

Mættir: Gunnar Örn Marteinson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Gunnar Örn Marteinson ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundar boðið en svo reyndist ekki vera.

1. Fulltrúar Fjarska sem mæta áttu á fundinn og fara yfir þá vinnu sem þeir hafa unnið vegna athugunar á lagnaleiðum ljósleiðara boðuðu forföll vegna ófærðar.
2. Fundargerð 42. fundar skipulags- og byggingarnefndar haldinn 15.12.2011, jafnframt lögð f fram til kynningar fundargerð 74. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa haldinn 07.12.2011. Fundargerðin samþykkt.
3. Styrkbeiðni frá hópi sem ákveðið hefur að halda Gunnlaugi Skúlasyni dýralækni heiðurssamsæti í tilefni starfsloka hans.
Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 50.000,-
4. Fundargerð 5. fundar velferðarnefndar Árneshrepps haldinn 14.12.2012, jafnframt lögð fram starfsáætlun fyrir árið 2012. - Fundargerðin samþykkt.
5. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Himbrima ehf, kt. 500304- 2270 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki V í samræmi við lög nr.85/2007 í Hótel Heklu, Brjánsstöðum.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.
6. Lagður fram til staðfestingar leigusamningur við Þjórsárdalslaug sf, kt. 430511-2030 um leigu á sundlaug í Þjórsárdal. Samningurinn samþykktur.
7. Fundargerð 88. fundar fulltrúaráðs Brunavarna Árneshrepps haldinn 07.12.2011.
Varðandi mál nr. 1 í fundargerðinni telur sveitarstjórn eðlilegt að skipting framlaga sveitarfélagana miðist 50% við íbúafjölda og 50% við brunabótamat.
8. Fundargerð 210. fundar stjórnar Sorpsstöðvar Suðurlands.
Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á aukaaðalfundi Sorpstöðvarinnar sem haldinn verður 17. janúar 2012.

Mál til kynningar

- A. Fundargerðir Inntökuráðs ART teymis 14. fundur haldinn 17.05.2011 og 15. fundur haldinn 12.12.2011.
- B. Fundargerð 137. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- C. Fundargerð 88. fundar fulltrúaráðs Brunavarna Árneshrepps haldinn 07.12.2011.
- D. Fundargerð 105. fundar stjórnar Brunavarna Árneshrepps haldinn 07.12.2012.
- E. Fundargerð 210. fundar stjórnar Sorpsstöðvar Suðurlands.
- F. Fundargerð 792. fundar stjórnar sambands Íslenskra Sveitarfélaga.
- G. Erindi frá Landmælingum Íslands þar sem gerð er grein fyrir innleiðingu á lögum nr. 44/2011 um grunngerð fyrir stafrænar upplýsingar.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 15.45.

(Ítarefni birt á heimasíðu www.skeidgnup.is)

Ljósleiðaraverkefni

Eins og áður hefur komið fram stefnir sveitarstjórn að því að leggja ljósleiðara um sveitarfélagið, slík framkvæmd krefst talsverðs undirbúnings eigi hún að takast vel og kostnaðaráætlanir séu traustar, liður í þeim undirbúningi var meðal annars sá að starfsmenn Fjarska fóru um sveitarfélagið á haustmánuðum og könnuðu lagnaleiðir í samráði við landeigendur, sú vinna leiddi í ljós að gróf kostnaðaráætlun sem búið var að gera stóðst nokkuð vel.

Nú er komið að lokakaflanum í undirbúningnum og að honum loknum verður tekinn endanleg ákvörðun um verkefnið. Á næstu vikum munu fulltrúar Fjarska fara um sveitarfélagið og fá formlegt leyfi landeigenda til að leggja ljósleiðarann um lönd þeirra í samræmi við þá vinnu sem unnin var í haust, jafnframt munu þeir heimsækja íbúa í sveitarfélaginu og fá uppgefið hverjir hafa áhuga á að tengjast ljósleiðaranum og kynna fyrir þeim ef þeir óska eftir hvaða möguleikar fylgja því að nýta sér þessa samskipta hraðbraut. Áætlanir gera ráð fyrir að íbúar fái ljósleiðarann að húsvegg gegn því að samþykkja að gerast áskrifendur í tvö ár, þeir sem ekki nýta sér að fá tenginu í upphafi þurfa væntanlega að greiða einhver inntökugjöld óski þeir eftir að fá tengingu síðar, tilhögun þessara mála kemur nokkuð vel fram í bókun hreppsnefndar frá síðasta fundi í máli nr.11 og fundargerðin er einnig birt í þessu fréttabréfi.

Þegar ljóst er orðið hverjir ætla að tengjast verður hægt að gera nokkuð nákvæma áætlun um kostnað við lagningu strengsins og væntanlegar rekstrartekjur í framtíðinni.

Það er okkar sannfæring sem staðið höfum fyrir undirbúningi að þessu verkefni að komist það í framkvæmd verði það stórt skref fram á við fyrir okkur öll sem í þessu sveitarfélagi búum það er því æskilegt að sem flestir sjái sér hag í að vera með frá upphafi enda um að ræða tækifæri sem ekki mun bjóðast á næstu árum komist þetta verkefni ekki á koppinn.

Oddviti

Nudd í Skeiðalaug

Verð í Skeiðalaug næstu þriðjudaga að nudda,
áhugasamir hafi samband í síma
486-6081 eða 865-0329

eða á netfangið laxdal@uppsveitir.is



Kveðja
Kristín Laxárdal

Aðalfundur

Landbótafélags Gnúpverja verður haldinn í
Árnesi, hornherbergi mánudagskvöldið

27. febrúar kl.20:30

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Frá útivistarnefnd Kvenfélags Gnúpverja.

Nú ætlum við að halda áfram að hittast og ganga saman einu sinni í viku. Við ætlum að hittast við Árnes á mánudögum

kl. 17.00 og ganga í c.a eina klukkustund, það eru

allir velkomnir. Ganga er ódýrasta líkamsræktin

Bestu kveðjur

Dúdda og Hrafnhildur



Aðalfundur umf. Skeið
verður haldinn í Brautarholti
sunnudaginn **4. mars kl.14:00.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.

Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!

Eigum ennþá endurútgefna kortið, af afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna og er það til sölu á skrifstofunni í Árnesi og kostar **kr. 500.-** Eykur öryggi okkar, að vera með rétta kortið... hvort sem er að vetri eða sumri!

Deildafundur Sláturfélags Suðurlands.

Sameiginlegur deildafundur SS hjá Skeiða, Gnúpverja og Hruna-
mannadeildum verður haldinn í Brautarholti þriðjudagskvöldið
21. febrúar kl 20:30. Hvetjum alla til að mæta og ræða málefni
Sláturfélags Suðurlands.

Deildastjórar.

Bingó og pítsa.....

Flottir vinningar....

Allir að mæta.... !



6. og 7. bekkur stefnir á að komast í
skólabúðir á Reykjum í Hrutafirði og
áætlað er að fara í maí. Við þurfum að safna
okkur penningi. Þess vegna höfum við ákveðið að
hafa Bingó fimmtudaginn 23. febrúar í Árnesi.
Bingóið hefst stundvíslega klukkan 18:00.

Í hléi seljum við pítsu og drykki og þá verður
hægt að kaupa fleiri Bingóspjöld.

Áætlað er að spila einn og hálfan til tvo tíma.
Við hvetjum alla til að mæta, afa og ömmur,

frænkur og frændur, mömmur og
pabba, systkini...og vini!

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest
6. og 7. bekkur Þjórsárskóla...

Munið kl.18:00!!



MENN OG MÁLEFNI!

Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands heldur árlega Hátíðarfund þar sem veittur er styrkur úr Vísinda og rannsóknarsjóði Suðurlands.

Fundurinn er haldinn í Fjölbrautarskóla Suðurlands að viðstöddum forseta Íslands sem afhendir styrkinn.

En það sem er fróðlegt fyrir sveitunga og mér finnst að þurfi að koma í fréttabréfinu, er að tveir sveitungar okkar, þau Svanborg Jónsdóttir á Stóra-Núpi og Sigurður Unnar Sigurðsson Skarði hafa nýlega fengið styrk úr þessum sjóði til rannsókna á háskólaverkefnum sínum. Svanborg á sviði nýsköpunar og Sigurður jarðskjálftarannsóknar. Svanborg fékk styrkinn fyrir nokkrum árum og Sigurður í fyrra.

Árið eftir styrkveitingu flytja svo styrkþegar fyrirlestur á fundinum um nám sitt og verkefni. Nú í ár flutti Sigurður sitt erindi og gerði það vel. Þar sem mér er alltaf boðið þar eð SSK styrkir sjóðinn, þá er ég svo stolt af sveitungum mínum þegar þeir fá styrkinn og svo aftur þegar þeir flytja fróðlegan fyrirlestur um hann.

Ég vil hvetja sveitarfélagið okkar til að styrkja þennan sjóð árlega. Það þarf ekki mikið. Margt smátt gerir eitt stórt. Nú þegar er veittur styrkur að upphæð kr. ein milljón árlega sem oft skiptist til tveggja aðila.

Þessi fundur er með hátíðlegri viðburðum og sýnir að Suðurland er að verða háskóla-samfélag Það er svo gaman að að sjá og vita um þetta unga sunnlenska fólk að vinna að verkefnum sem nýtist þeirra samfélagi

Ég sit stolt út í sal þegar sveitungar fá styrk og flytja svo ári seinna fyrirlestur um verkefni sitt.

Stolt af að sjá Samband sunnlenskra kvenna vera einn af styrktaraðilum ásamt mörgum.

En ég yrði enn stoltari ef nafn Skeiða og Gnúpverjahrepps sæist sem styrktaraðilar einnig. Svona til upplýsingar, og af áhuga mínum að eiga vel menntað og sterkt samfélag á Suðurlandi.

Með kveðju

Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir.



Á aðalfundi kúabænda Suðurlands sem haldinn var 30 janúar s.l.

voru veittar viðurkenningar til fimm sunnlenskra kúabúa á grunni Sunnuverkefnis Búnaðarsambands Suðurlands. Verkefnið byggir á úttekt á rekstrarárangri búanna samkv. ársreikningi.

Ásmundur Lárusson í Norðurgarði hlaut verðlaun fyrir bú sitt. Lokaorð Runólfs Sigursveinssonar ráðunautar voru að “þessi fimm bú voru yfirleitt með framleiðslu umfram sitt greiðslumark en samt næst þessi árangur. Búin eru ólík, ræktunarskilyrði mismunandi, fjósgerðir mismunandi” og fl. “en það er sú heildarsýn sem fólk þarf að hafa, svo vel takist til í rekstri sem er einfaldlega góð bústjórn.” Við óskum þeim Ásmundi og Matthildi Vilhjálmss. innilega til hamingju með þennan góða árangur með bú sitt.

27. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þriðjudaginn 07.2.2012 í Árnosi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Sigrún Guðlaugsdóttir, Harpa Dís Harðardóttir boðaði forföll, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Fundargerð skólanefndar 15. fundur haldinn 13.12.2012.
Fundargerðin samþykkt.
2. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla 14. fundur haldinn 30.01.12.
Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla samþykkt og varðandi 6. lið samþykkir sveitarstjórn að hafa sömu tilhöfum við skipan fulltrúa í hópinn og vísar því til skóla nefndar og skólaráðs að tilnefna fulltrúa.
3. Fundargerð oddvitafundar haldinn 23.01.12. Fundargerðin lögð fram og varðandi 3. lið mun enginn fulltrúi frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi fara í námsferðina.
4. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 43. fundur haldinn 19.01.12, jafnframt lögð fram til kynningar fundargerð 75. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa. Fundar gerðin samþykkt.
5. Erindi frá stjórn Þroskahjálpar á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til afgreiðslu hjá velferðarnefnd Árneshöfða.
6. Umsókn um styrk úr Atvinnuuppbyggingarsjóði Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá Petrínu Þórunni Jónsdóttur Laxárdal 2a.
Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið að hámarki um kr. 600.000,- samkvæmt framvinduskýrslu. Styrkurinn greiðist vegna útlagðs kostnaðar en ekki af eigin vinnu.
7. Erindi frá Landgræðslunni með beiðni um styrk við verkefnið bændur græða landið. Sveitarstjórn óskar eftir frekari upplýsingum um verkefnið og afgreiðslu málsins frestað.
8. Erindi með ósk um stuðning við Skólahreysti 2012.
Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð. Kr. 50.000,-
9. Tillaga um að stofnað verði B hluta fyrirtæki hjá sveitarfélaginu til þess að sjá um rekstur gagnaveitu. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
10. Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps samþykkir að fela þeim sem unnið hefur verið með að könnun lagnaleiða fyrir ljósleiðara í sveitarfélaginu að fá samþykki við komandi landeigenda fyrir framkvæmdinni. Sveitarstjórn felur oddvita í samvinnu við lögmann að láta útbúa samning sem notaður verður milli landeigenda og Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða hugsanlegs fyrirtækis í þess eigu vegna lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu.
11. Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps samþykkir að sú tilhögun verði viðhöfð við fyrirhugaða lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu að íbúum í sveitarfélaginu verði

boðið upp á, án endurgjalds, að lagður verði ljósleiðari að íbúðarhúsum þeirra. Skilyrði fyrir að slíkt verði gert er að viðkomandi samþykki að kaupa tengingu við ljósleiðarann í tvö ár á mánaðargjaldi sem er kr. 2.980, heimilt er að hækka mánaðargjaldið á samningstímanum í samræmi við vísitölu neysluverðs sem er í janúar 2012 387,1 stig. Eigendur sjá sjálfir um allar lagnir innanhúss.

Eigendur íbúðarhúsa þar sem ekki er búseta, sumarhúsa og fyrirtækja í sveitarfélaginu geta fengið tengingu við stofnæð ljósleiðara með sömu skilyrðum og íbúar en þurfa sjálfir að kosta lagningu ljósleiðarans frá stofnæð, lagningin þarf að vera undir eftirliti sveitarfélagsins og verður eign þess eftir það enda mun sveitarfélagið sjá um viðhald strengsins.

Þetta fyrirkomulag mun gilda fyrir þá sem samþykkja skilmálana sem að framan greinir fyrir 15. mars 2012 aðrir gætu þurft að leggja í frekari kostnað við að tengjast ljósleiðaranum eftir gjaldskrá sem samin verður.

Þeim sem sjá um að leita samþykkis landeigenda fyrir lagningu strengsins verður jafnframt falið að heimsækja íbúa og fá upplýsingar hjá þeim hvort þeir hyggist tengjast ljósleiðaranum, þeim verði einnig falið að gera íbúum grein fyrir því ef þeir óska eftir, hvaða möguleikar felast í því að tengjast ljósleiðaranum.

Oddvita ásamt lögmanni falið að útbúa formið sem þarf að vera á samningum við þá sem tengjast vilja ljósleiðaranum.

12. Ósk um lækkað starfshlutfall oddvita.

Undirritaður óskar eftir því að starfshlutfall mitt verði lækkað frá því sem nú er og ráðinn verði aðili til þess að hafa yfirumsjón með daglegum rekstri sveitarfélagsins en undirritaður starfi áfram í hlutastarfi sem oddviti.

Greinargerð

Undirritaður hefur undanfarið gegnt 100% starfi sem oddviti, það er talsverð vinna ekki síst þar sem því fylgir talsverður erill við fundarsetur og ýmis erindi utansveitar sem verða þess valdandi að minni tími er til vinnu á skrifstofu en ég hefði kosið, jafnframt hef ég staðið í eigin rekstri sem hefur verið að aukast að umsvifum undanfarið og útlit fyrir talsveða aukningu þar á.

Svo að þessir hlutir fari ekki að rekast á tel ég eðlilegt að ég minnki starfshlutfall mitt á skrifstofunni, enda tel ég að það starf sem ég hef gegnt sem oddviti í fullu starfi sé meira en fullt starf eigi að sinna öllu eins og þörf er á.

Gunnar Örn Marteinsson.

Bókun.

Fyrir síðustu kosningar lagði N-listin fram ítarlega stefnuskrá, eitt af því sem listinn lagði til var að auglýst yrði eftir sveitarstjóra sem sinnti daglegum störfum á skrifstofu sveitarfélagsins óháður hinu pólitíska vafstri. Því fagnar N-listinn því að sú stefnbreyting hefur orðið hjá meirihlutanum að nú skuli eiga að auglýsa og ráða sveitarstjóra (framkvæmdarstjóra) og lækka starfshlutfall oddvita. Það gefur auga leið að sinna 100% starfi sem sveitarstjóri þá er ekki mikill tími fyrir eigin rekstur.

Oddur Guðni Bjarnason.

Sveitarstjórn samþykkir lækkað starfshlutfall oddvita og samþykkir að ræða við Kristófer Arnfjörð Tómasson viðskiptafræðing, um að taka að sér framkvæmdastjórástöðu hjá sveitarfélaginu.

13. Leigumál í Hólaskógi. Oddvita falið að ganga frá samningi við Gljásteyn ehf á grundvelli tilboðs hans.

14. Erindi með ósk um stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2012.

Erindinu hafnað.

15. Tillaga að gjaldskrá á útleigu fasteigna sveitarfélagsins. Gjaldskrá samþykkt.

16. Lögð fram tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga vegna deiliskipulags fyrir minkahús á spildu úr landi Ása. Samkvæmt lýsingunni er fyrirhugað að reisa nýtt minkabú á tæplega 3 ha spildu sem liggur upp að minkabúinu Mön, með aðkomu frá Stóra-Núpsvegi. Gert er ráð fyrir að á spildunni megi reisa tæplega 10 þúsund fermetra minkahús. Þar sem fyrirhuguð minkahús verða innan við 100 m frá Stóra-Núpsvegi, sem skv. aðalskipulagi er skilgreindur sem tengivegur, þarf að óska eftir undanþágu umhverfisráðuneytisins frá gr. 4.16.2 í skipulagsreglugerð.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar Skipulagsstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands auk þess að kynna hana fyrir eigendum aðliggjandi spildna. Þá er skipulagsfulltrúa falið að leita undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar vegna fjarlægðar frá Stóra-Núpsvegi. Gert er ráð fyrir að lýsingin verði aðgengileg á vef sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúa.

17. Landsnámsdagur. Sveitarstjórn tilnefnir í undirbúningsnefnd.

Eyþór Brynjólfsson, Hamragerði, formaður,

Sigrún Bjarnadóttir, Fossnesi

Valgerður Auðunsdóttir, Húsatóftum

Jóhannes H. Sigurðarson, Ásólfstöðum

Dorothee Lubecki, Löngumýri.

Mál til kynningar

A. Fundargerð 793. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga haldinn 27.01.12.

B. Fundargerð 305. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands haldinn 19.01.12 jafnframt lögð fram niðurstaða stefnumótunarfundar sem haldinn var samhliða aðal fundi félagsins.

C. Fundargerð 211. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 17.01.12.

D. Fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 17.01.12.

E. Fundargerð 136. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands haldinn 11.01.12.

F. Fundargerð 138. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn 20.01.12.

G. Framvinduskýrsla vegna kirkjugarðs frá sóknarnefnd Stóra-Núpskirkju.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:40. (Ítarefni birt á heimasíðu www.skeidgnup.is)

Á rölti um sveitina mína

Brynjúlfur Jónsson á Minna-Núpi, 1838 – 1914,
sjálfmenntaður fræðimaður, skáld og rithöfundur, fornfræðingur og heim-
spekingur.

Lýsing Valdimars Briem á Brynjúlfi:

“Brynjúlfur var meðalmaður á hæð og gildleika, en beygjulegur, sem stafaði af heilsufari hans. Hann var fremur ófríður, og rauðbirkinn á hár og skegg, áður en hann hærðist. Svipurinn var gáfulegur og einkar góðmannlegur.

Hann var afbragðs vitsmunamaður, en þó hins vegar í ýmsu barnalega einfaldur og ágerðist það með aldrinum. Hann var stakasta góðmenni og þar var engin mótsetning. Hjartagæska hans var alltaf söm við sig.”

Lífshlaupið:

Brynjúlfur var fæddur að Minna-Núpi 26. september 1838. Foreldrar hans, Jón bóndi Brynjúlfsson og Margrét Jónsdóttir, kona hans, bjuggu þar lengi.

Hann var elstur sjö systkina, þótti góðum gáfum gæddur, heimilið fátækt, en samt var honum komið fyrir, þá 17 ára, hjá prestinum í Hrepphólum í hálfsmánaðartíma til að æfa sig í skrift og læra frumatriðin í reikningi og byrjun í dönsku.



Minni-Núpur. Ljósmynd af málverki Ásgríms Jónssonar sem málað var 1904 en þá var listamaðurinn 28 ára gamall.

Meiri tíma þótti ekki í það eyðandi, unnið skyldi að heimilinu og aflað tekna utan þess. Brynjúlfur reri 13 vetrarvertíðir í Grindavík og nokkrar vorvertíðir í Reykjavík. Þessi útleigð hafði að ýmsu leyti góð áhrif á hann, víkkaði sjóndeildarhringinn og hann komst í kynni við ýmsa lærdómsmenn í landlegum og fékk hjá þeim lærdómsrit.

Hann hóf heimiliskennslu og kom víða við, orti ljóð gegn gjaldi, einkum erfiljóð. Á þessum árum fékkst hann við ritstörf, skoðaði rústir og framkvæmdi margskonar rannsóknir m. a. í Þjórsárdal. Um Þjórsárdal skrifaði hann merka ritgerð, sem birtist í árbók Fornleifafélagsins 1886. Líka má nefna mælingar innviða og rannsóknir á Stóra-Núpskirkju, sem var útbrotakirkja. Líkan á þeirri kirkju, en hún var reist 1770, er í vörslu Þjóðminjasafnsins. Það er gert eftir lýsingu Brynjúlfs. Eftir 1890 ferðaðist hann einhesta um landið þvert og endilangt á vegum Hins íslenska fornleifafélags sem launaður starfsmaður og má segja að það yrði hans aðalævistarf.

Hann var sæmdur Dannebrogssorðu 1899.

Brynjúlfur kvæntist aldrei, en leit töluvert hýru auga til kvenna, svo oft var gert gys að. Hann eignaðist dreng með vinnukonu í Fljótshlíð, ættaðri undan Eyjafjöllum, Guðrúnu Gísladóttur.

Sonurinn Dagur var alinn upp hjá vandalausum, varð máttarstólpi í sunnlenskri bændastétt, bjó í Sviðugörðum í Flóa og var seinna kenndur við Gaulverjabæ. Dagur varð m. a. formaður stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands.

Brynjúlfur kenndi sig ætíð við Minna-Núp, bjó sér heimili hjá syni sínum, en lengst af dvaldi hann í húsmennsku á Eyrarbakka, þegar hann var ekki á ferðalögum.

Brynjúlfur andaðist á Eyrarbakka vorið 1914 og var jarðsettur þar að viðstöddu miklu fjölmenni, enda velkynntur og mikill auðfúsu gestur á heimilum á langferðum sínum.




“Brynkabolli” þar var minnisvarði reistur laust fyrir 1930. Hvatamenn voru sveitungar Brynjúlfs, Jóhann Briem listmálari frá Stóra-Núpi og Jón Jónsson yngri frá Þjórsárholti, þekktur ljósmyndari. Stuðlabergssteinninn sem reistur var er úr heimahögum, Miðfelli sem er svipmikið fell norðaustur af bænum. Steinninn var dreginn á ís að vetrarlagi niður Þjórsá og þaðan í bollann góða.

Ritstörf

Brynjúlfur frá Minna-Núpi var afkastamikill rithöfundur og skáld.

Hann kom víða við, safnaði og skráði þjóðsögur, sem birtust í þjóðsögum Jóns Árnasonar, dr. Jóns Þorkelssonar og í tímaritinu Huld.



Brynjúlfur Jónsson við skriftir.

sjálfan mig og tilveruna” ótrúlegt afrek af alþýðumanni. Þar vitnar Brynjúlfur í merka erlenda heimspekinga.

Á sagnasviði liggja eftir hann þrjú allstór verk. Frægust þar og fremst fer sagan af Þuriði formanni og Kambsránsmönnum 1893 – 1897.

Gnúpverjar koma þar töluvert við sögu, enda víðfræg tilvitnun í Gottsvein frá Steinsholti: “Sá á ekki að stela, sem ekki kann að fela.”

Þá skal nefna Bólu-Hjálmars sögu, sem út kom 1911, sögu Natans Ketilssonar og Skáld-Rósu, harmsaga 1912, en sögu sviðið er Húnavatnssýsla.

Af öllu framansögðu má sjá, að Brynjúlfur frá Minna-Núpi var síleitandi sál, hafsjór af þekkingu og fróðleik, sem hann aflaði sér með undraverðum hætti og var tiltakanlega skynugur og eftirtektarsamur.

Kristján Guðmundsson,
Ásólsstöðum

Brynjúlfur gaf út dulrænar smásögur 1907. Þá orti hann mikið, sem áður segir og kom út á bók úrval kvæða hans 1889.

Nokkra sálma er að finna eftir Brynjúlf í sálmabókum síðustu aldar og söguljóð um Guðrúnu Ósvífursdóttur í sérstökum ritlingi var útgefið 1892.

Þá fékkst hann einnig við ljóðabýðingar. Öll voru þessi kvæði og sálmar lipur og lagleg að sögn.

Fjölfræði hans var undraverð.

Eftir hann liggur í málfræði merk ritgerð “Um sannan grundvöll stafsetningar”.

Þá er talið að fyrsta íslenska heimspekibókin sé verk hans, “Saga hugsunar minnar um

Leikdeild ungmennafélags Biskupstungna
sýnir gamanleikinn
KLERKAR Í KLÍPU



eftir Philip King. Þýðandi: Ævar R. Kvaran

Leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson
Sýningarnar eru í Aratungu og hefjast kl.20:30

Frum sýning 10. febrúar

2.sýning 12.febrúar

3.sýning 15.febrúar

4.sýning 17.febrúar

5.sýning 18.febrúar

6.sýning 21.febrúar

7.sýning 24.febrúar

8.sýning 25.febrúar

9.sýning 26.febrúar

10.sýning 29.febrúar

11.sýning 2.mars

12.sýning 3.mars

Upplýsingar s.862-6444 og 897-8795



Á undan sýningum er boðið upp á leikhúsmatseðil á
Kaffi Kletti

Borðapantanir í síma 48-61310 og 847-5057
Góða skemmtun.

Leikhúsféð Kvenfélags Skeiðahrepps

Sunnudagskvöldið 1. apríl ætlar Kvenfélag
Skeiðahrepps að standa fyrir leikhúsféð og sjá
sýninguna Vesalingana í Þjóðleikhúsinu.

Tilkynna þarf þátttöku í síðasta lagi
miðvikudaginn 14. mars.

Sýningin hefst kl. 19:30 og miðinn kostar 4.400 krónur.

Nánari upplýsingar veita

Jóhanna Vilhjálm, s: 864 6101 og Jóhanna Lilja 696 6877.



Grænna land ehf.

Tek að mér að gera jarðarfararkransa.

Borðar og allt efni úr sveitinni.

Myndir og önnur sýnishorn eru á
Facebook síðunni okkar.

Grænna land ehf

*Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399*

graennaland@simnet.is



Ert þú vinur?

Styrkið gott málefni og fáid ykkur miða, fyrir lífið sjálft.

Umboðsmaður Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079 fossnes@uppsveitir.is

Happadrætti S.Í.B.S.

Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti! Fótbolti!

Fótboltaæfingar á mánudögum

kl 20:30 á sparkvellinum í Árnesi.

Nánari upplýsingar hjá

Hjörvari, Hlemmiskeiði, s. 856-1156



LANDNÁMSDAGUR

9. JÚNÍ 2012.

Í SKEIÐA- OG

GNÚPVERJAHREPPI

Takið daginn frá!



Ípróttá og æskulýðsstyrkur 2012.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 6. des. 2011 að allir grunnskólanemendur og framhaldsskólanemendur frá 6 ára til og með 18 ára geti sótt um styrk sem nemur allt að 50.000.- kr. á árinu 2012 til að stunda ípróttá, æskulýðs eða menningarstarf.

Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og / eða menntun. Umsóknareyðublöð á slóðinni <http://www.skeidgnup.is/stjornkerfid/eydublod> og einnig á skrifstofunni. - Munið að sækja um.

Íslenska fyrir útlendinga í félagsheimilinu á Flúðum vorönn 2012

Námskeið í íslensku fyrir útlendinga verður í Félagsheimilinu á Flúðum ef næg þátttaka verður. Reiknað er með að kennd verði að þessu sinni íslenska I eða íslenska II eftir því hver þörfin verður. Námskeiðið byrjar 20. febrúar kl. 19.00

Kennari:

Anna Ásmundsdóttir

Íslenska I/II 60 kennslustundir

Endurmenntunarsjóðir stéttarfélaganna styrkja þátttakendur um allt að 75% kostnaðarins eftir mánaðar félagsaðild. Nánari upplýsingar og skráning hjá Fræðslunetinu í síma 480-8155 eða á netfanginu fraedslunet@fraedslunet.is

Verð: 33.000
+ námsefni 4.000.

Tilkynning frá Reiðhöllinni ehf á Flúðum.

Eins og kunnugt er varð að fresta fyrsta móti Uppsveitardeildarinnar, smala sem halda átti 27. janúar sl.

Keppendur og aðrir aðstandendur deildarinnar koma af stóru svæði. Því hefur reynst erfitt að finna hentuga dagsetningu fyrir smalann sem ekki rekst á aðrar samkomur á svæðinu, auk þess sem búið er að bóka reiðhöllina á Flúðum fyrir aðra viðburði með löngum fyrirvara.

Í ljósi þessa hefur nefndin sem heldur utan um mótin, í samráði við liðstjóra ákveðið eftirfarandi dagsetningar.

24. febrúar, smali

4. apríl, fjórgangur

20. apríl, fimmgangur

11. maí, tölt og skeið



Þá er einnig vert að minna á Uppsveitadeild æskunnar, en þar etja kappi ungir og efnilegir knapar úr félögunum þremur.

Fyrsta mótið verður laugardaginn 10. mars en þá verður keppt í smala.

Allar upplýsingar um deildirnar, stöðu knapa og liða, rásröð fyrir hvert mót og tíma og dagsetningar má finna á heimasíðum félaganna, auk þess sem allar upplýsingar verða birtar á helstu netmiðlum hestamanna s.s. Eiðfaxes og Hestafréttum.

Heimasíður: Smári: smari.is

Logi: hestamannafelagidlogi.bloggar.is.



**LAGNA
POSTULINN**

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss

Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Bak við eldavélina!

Smá uppskriftir úr Skaftholtseldhúsinu:

Grænmetisofnréttur

1 hvítkálshaus, 3 rófur, 10 stk. gulrætur, 2 stk. sellerirót, nokkur blöð af grænkáli, 3 stk. blaðlaukur, ½ hvítlaukur, Kryddsalt, Oregano, Grænmetiskraftur, Speltklíð, ostur.

Allt grænmetið skorið smátt, hvítlaukurinn er pressaður í hvítlaukspressu. Laukurinn og hvítlaukurinn er mýktur upp á lágum hita í olíu á pönnu í ca 10 mín. Allt hitt er sett í stóran pott með smá olíu og vatni. (Aðalatriðið í þessu er að hafa ekki of mikið vatn en heldur ekki of lítið) Vatnið þarf að vera ca 2 cm í pottinum. Þetta er látið malla í smá tíma, eða þar il grænmetið er orðið soðið. Að suðu lokinni er grænmetinu og lauknum blandað saman og sett í eldfast mót og kryddað eftir smekk með kryddsalti, oregano og grænmetiskrafti. Einnig er gott að setja svolítið kúmen. Síðan er góðgætið sett í eldfast mót, speltklíði stráð yfir ásamt rifnum osti og bakað í ofni við 200°C í 20-30 mínútur.

Hlutföllin milli einstakra grænmetistegunda eru ekkert heilög, allt eftir smekk og hvað er til á hverjum tíma ársins, að sumrinu er t.d. mjög gott að setja í þetta blómkál og spergilkál.

Og þá er t.d gott að gera rauðrófusalatíð og pastasalatíð á meðan þetta mallar í pottinum.

Rauðrófusalat

6 soðnar rauðrófur, ½ rauðlaukur, kryddsalt, sólblómaolía. Rauðrófurnar eru skornar í bita, rauðlaukurinn skorinn smátt, ögn af sólblómaolíu og kryddsalt eftir smekk. Öllu hrært saman og þar með er það tilbúið.

Pastasalat


1 poki spelt pasta, ½ - 1 stk rauðlaukur, 6 egg, smá majones, ca 1 tsk sætt sinnep, nokkrir dropar sítrónusafi, sólblómaolía.

Gott er að nota pasta frá deginum, áður eða láta pastað kólna vel áður salatíð er gert. Best er að setja sólblómaolíuna saman við pastað og hræra vel. Blanda síðan majones, sinnepi og sítrónusafa saman í skál, laukurinn skorinn smátt og egginn skorinn í eggjaskera. Síðan er öllu blandað saman og kryddsaltað eftir smekk.

Verði ykkur að góðu.

Datt í hug að skora á hana Grétu Maríu Dagbjartsdóttur í Stóru Mástungu 2 fyrir næsta fréttabréf, hún lumar örugglega á einhverjum góðum uppskriftum.

Kveðja. Guðfinnur.





Kertasmiðjan í Brautarholti



Hermann og Ragnhildur í síma

663 4666 og 893 399 — 486 5518

www.kertasmidjan.is

kertasmidjan@web.is

Hér er mynd af göngustaf Brynjúlfs Jónssonar á Minna-Núpi sem er listilega útskorinn úr hvalbeini en ekki eru upplýsingar enn um útskurðarmanninn. Stafurinn er til sýnis í Þjórsárstofu í Árnesi sem mun opna aftur í vor.

Kristjana G.



Islandzki dla obcokrajowców - Flúðir

Kurs języka islandzkiego dla obcokrajowców, semestr wiosenny **2012** odbędzie się na Flúðir. Lekcje odbędzie się średnio jeden raz w tygodniu w godzinach popołudniowych (luty- maj). Kurs rozpoczyna się 13 19 lutego w

W tym semestrze proponujemy islandzki I lub islandzki II biorąc pod uwagę potrzeby językowe chetnych.

Nauczyciel: Anna Ásmundsdóttir

Islandzki I/II 60 godzin lekcyjnych

Cena: 33.000 + materiały 4.000

Związki Zawodowe zwracają uczestnikom duża część (75%) kosztów kursu już po pierwszym miesiącu członkostwa.

Dokładne informacje i zapisy w Fræðslunet in pod telefonem 480-

8155 lub poczta internetowa **fraedslunet@fraedslunet.is**

VIOLA snyrtistofa Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



Svohljóðandi auglýsing birtist í Vísi fyrir alllöngu:

NÝ ÝSA Í FYRRAMÁLID. Heiðraðar húsmæður eru beðnar að athuga það, að ég sker innan úr þeim og tek af þeim hausinn fyrir ekkert (Í sólskinsskapi 1990).

Heilsugæslan í Laugarási sími 480–5300

Símatímar lækna alla virka daga

kl. 9-9:30 og 13–13:30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3

sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00****Brottför frá Reykjavík alla virka daga:**kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda**Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00**Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími:
486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is**Símar hjá bílstjórum:****892-2370- Pálmar**

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

*Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar***Hundafangari sveitarfélagsins:****Ragnar Sigurjónsson í síma****859-9559.****ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM****SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866****BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR****GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR****OG ALLT ÞAR Á MILLI.****ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR****SJÓN ER SÖGU RÍKARI.****OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA****11-14 LAUGARDAGA.****VERIÐ **VELKOMIN** – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ****ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM Sími: 486-1866**

Spónadagar í febrúar



Tilboðsverð á úrvalsspónum út febrúar eða á meðan birgðir endast

Saltsteinar - bætiefnablokkir

Fyrir nautgripi, hross og sauðfé



Stein- og bætiefnafötur

Fyrir nautgripi, hross og sauðfé



Hágæða hunda - og kattafóður



Gunnbjarnarholti - 801 Selfoss - Sími 480 5600 - www.landstolpi.is

**Vetraropnun sundlauga í
Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011**
Skeiðalaug s: 486 5500



Skeiðalaug opin



Priðjudaga: 17 — 21

Fimmtudaga: 17 — 21

Neslaug opnar aftur 7. apríl !!!

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem
eiga lögheimili í sveitarfélaginu.**

Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Vörur tengdar sundi til sölu.

umsjónarmaður sundlauga er:

Eypór Brynjólfsson



**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Lesum og lesum, nýju bækurnar !

Alltaf hægt að skila bókum um lúguna!

bokasafn@skeidgnup.is

S: 486-5505

www.gegnir.is

